

Lánasjóður sveitarfélaga – Útboð LSS34 og LSS55

Lánasjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að efna til útboðs á skuldabréfum í flokkum LSS150434 og LSS151155 miðvikudaginn 27. apríl 2016. Lánasjóðurinn stefnir að því að taka tilboðum að fjárhæð 500 milljónir króna að nafnvirði. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka og lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Lánasjóðurinn hefur boðið aðalmiðlurum sjóðsins Arion banka, Íslandsbanka, Kviku banka og Landsbankann að taka þátt í útboðinu.

Óskað er eftir tilboðum í samræmi við eftirfarandi lýsingu:

LSS150434

Lánstími: Til 15. apríl 2034.
Endurgreiðslur: Verðtryggðar jafnar hálfárslegar greiðslur.
Nafnvextir: Fastir vextir 3,75%.
Grunnvísitala: Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 1. mars 2012, gildi hennar er 387,1.
Einingar: 1 kr. rafréfi.

LSS151155

Lánstími: Til 15. nóvember 2055.
Endurgreiðslur: Verðtryggðar jafnar hálfárslegar afborganir.
Fyrsta vaxtagreiðsla: 15. maí 2016.
Fyrsta afborgun: Fyrsta afborgun höfuðstóls er 15. nóvember 2020.
Uppgreiðsla: 15. nóvember 2035 og 15. nóvember 2045 skv. skilmálum sem getið er í grunnlýsingu.
Nafnvextir: Fastir vextir 2,50%.
Grunnvísitala: Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 15. nóvember 2015, gildi hennar er 430,74.
Einingar: 1 kr. rafréfi.

Útboðsfjárhæð: 500.000.000 (fimmhundruð milljónir króna).
Lágmarkstilboð: 10.000.000 (tíu milljónir króna).
Þóknun: Lánasjóðurinn greiðir 0,15% þóknun fyrir LSS150434 og 0,50% fyrir LSS151155.
Tilboð: Í tilboði skal taka fram ávöxtunarkröfu án þóknunar og tilboðsfjárhæð.
Fyrirkomulag: “Hollensk” uppboðsaðferð þar sem allir tilboðsgjafar fá sömu ávöxtunarkröfu og hæst er tekið. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka eða lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði með sama hætti og tilboðum er skilað inn, sé það gert fyrir lok útboðsfrests.

Uppgjör sölu: Föstudaginn 29. apríl 2016.

Tilboð skulu berast fyrir kl. 16:00, miðvikudaginn 27. apríl 2016 til Lánasjóðs sveitarfélaga, b.t. Örvars Þórs Ólafssonar, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi.

Einnig má senda tilboð í tölvupósti til orvar@lanasjodur.is.

Öllum tilboðum verður svarað fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 27. apríl 2016.